



Fundargerð stjórnar (1)

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom mánudaginn 29. mars 2021 og hófst kl. 14.00.

Fundinn sátu: Margrét Pála Ólafsdóttir, Margrét Theódórsdóttir, Helga Jónsdóttir, Guðmundur Kristjánsson og Matthías Matthíasson nýkjörnir stjórnarmenn. Jafnframt sat Katrín Dóra Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Dagskrá

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

MPÓ setti fundinn og lagði til að HJ taki við stjórnarformennsku. Samþykkt samhljóða og tók HJ við fundarstjórn.

2. Fyrirkomulag stjórnarfunda

Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu um að fundir verði að jafnaði mánaðarlega fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og sumarleyfi í júlí og ágúst. Vegna margra fyrirbyggjandi verkefna ákvað stjórn að funda þó hálfsmánaðarlega til júníloka 2021.

Fundir ákveðnir sem hér segir á miðvikudögum kl. 16:00 og ljúki að jafnaði eigi síðar en kl. 17:00: 7/4, 21/4, 5/5, 19/5, 2/6, 16/6 og 30/6. Fundir verða boðaðir gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom þar til öðruvísi verður ákveðið. Stjórnarmenn geti ætíð óskað eftir að taka þátt í fundum gegnum fjarfundabúnað en gera þá grein fyrir ósk sinni með fyrirvara.

3 Frágangur vegna kaupa félagsins á hlutum Manifesto ehf.

Stjórn staðfesti fyrirbyggjandi yfirlýsingar lagðar fyrir hluthafafund 26. mars sl. um lækkun hlutafjár sbr. 23. gr. og 1. ml. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög og um skuldastöðu sbr. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Hluthafafundurinn fól stjórn að tilkynna um lækkun hlutafjár til fyrirtækjaskrár RSK.

4. Tilkynningar til hlutafélagaskrár

Framkvæmdastjóra falið að senda tilkynningar um eftirfarandi til fyrirtækjaskrár RSK.

- Breytt eignarhald skv. uppfærðri hlutaskrá
- Stjórnarmenn kosnir á aðalfundi 26.03.21
- Nýjan framkvæmdastjóra skv. staðfestingu stjórnarfundar 23.03.21
- Prókúru framkvæmdastjóra

Skjöl til undirritunar fyrir stjórnarmenn munu liggja frammi á skrifstofu Hjallastefnunnar í Kópavogi vikuna eftir páska.

5. Önnur mál

- Fundargerð hluthafafundar 26. mars 2021 lögð fram til upplýsingar
- Framkvæmdastjóri fór yfir lista um fyrirbyggjandi og brýn verkefni stjórnar m.a.
 - o Starfsreglur stjórnar
 - o Stefnumótun varðandi ýmsa þætti starfseminnar
 - o Fjárfestingar og meiriháttar viðhaldsverkefni.

Fundi slitið kl. 14.29. Fundargerð verður send út og er til samþykktar á næsta fundi.



Hjallastefnan

+354 555 7020
hjallastefnan@hjalli.is
hjalli.is